

Innleiðing aðgerða í tengslum við kjarasamninga

Upplýsingar fengnar frá einstökum ráðuneytum. Í skjalinu eru ráðuneyti auðkennd með litum.

Flokkur	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Staða og framhald
Yfirlýsing um stuðning stjórnvalda við lífskjarasamninga.				
<i>Tejkuskattur</i>	1	Komið verði á fót þriggja þrepa skattkerfi með nýju lágtekjuþrepi. Miðað er við að sú aðgerð auki ráðstöfunartekjur tekjulægsta hópsins um tíu þúsund krónur á mánuði.	FJR	Samið verður frumvarp í FJR. Nauðsynlegir grunnútreikningar verða gerðir í júní og frumvarp lagt fram í haust.
	2	Skattleysismörk haldist föst að raunvirði á innleiðingartímabilinu og að því loknu hækki persónuafsláttur og skattþrep umfram verðbólgu sem nemi framleiðniaukningu	FJR	Með fyrirséðri þriggja ára innleiðingu mun lækkun grunnprósentu vera svo snörp að skattleysismörk hækka umfram það sem þau hefðu hækkað ef núverandi kerfi hefði haldið áfram. Því er ekki nauðsynlegt að gripa til sérstakra aðgerða umfram það sem fyrirhugað er í aðgerð 1.
	3	Markvisst verður dregið úr samnýtingu sambúðaraðila á skattþrepum.	FJR	Frumvarp verður samið í FJR og það lagt fyrir Alþingi í haust.
<i>Fæðingarorlof</i>	4	Fæðingarorlof lengist úr níu mánuðum í tíu mánuði í byrjun árs 2020 og í byrjun árs 2021 verði fæðingarorlof 12 mánuðir. Áfram verður byggt á því að hvort foreldri fyrir sig eigi sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs en hluti orlofsins verði til skiptanna. Stjórnvöld áskilja sér rétt til að tryggja til framtíðar að samræmis sé gætt í tekjuöflun og ráðstöfun fjármuna sérgreindra vinnumarkaðssjóða (Ábyrgðarsjóður launa, Fæðingarorlofsjóður, Starfsendurhæfingarsjóður, Atvinnuleysistryggingasjóður) samhliða því sem hlutdeild tryggingargjalds í fjármögnun almennatrygginga verði komið í fastar skorður.	FRN	Félags- og barnamálaráðherra mun í maí 2019 skipa nefnd með fulltrúum frá samtökum aðila vinnumarkaðarins og Vinnuálastofnun sem falin verður heildarendurskoðun laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, en gert er ráð fyrir að nefndin skili ráðherra tveimur frumvörpum. Annars vegar verði um að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof þar sem lögð verði til lenging á samanlögðum rétti foreldra til fæðingarorlofs um einn mánuð eða í tíu mánuði. Í frumvarpinu verði útfært nánar hvernig gert sé ráð fyrir að lengingin skiptist milli móður og föður en þó verði gert ráð fyrir að foreldrar geti áfram skipt með sér að vild hluta af samanlögðum rétti þeirra til fæðingarorlofs. Gert er ráð fyrir að ráðherra leggi frumvarpið fram á haustþingi 2019 og að lengingin eigi við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt föstur 1. janúar 2020 eða síðar. Hins vegar verði um að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof eftir að heildarendurskoðun laganna er lokið auk þess sem lögð verði til lenging á samanlögðum rétti foreldra til fæðingarorlofs um tvo mánuði eða í tólf mánuði. Í frumvarpinu verði útfært nánar hvernig gert sé ráð fyrir að lengingin skiptist milli móður og föður en þó verði gert ráð fyrir að foreldrar geti áfram skipt með sér að vild hluta af samanlögðum rétti þeirra til fæðingarorlofs. Gert er ráð fyrir að ráðherra leggi frumvarpið fram eigi síðar en á haustþingi 2020 og að lengingin eigi við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt föstur 1. janúar 2021 eða síðar.
<i>Barnabætur</i>	5	Skerðingarmörk barnabóta hækki í 325 þúsund krónur á mánuði á árinu 2020.	FJR	Frumvarp verður samið í FJR og það lagt fyrir Alþingi í haust.
<i>Húsnæðismál</i>	Aðgerðir 6-18		FRN	Íbúðalánasjóður heldur utan um eftirfylgni með átaki stjórnvalda í húsnæðismálum í samráði við fimm ráðuneyti. Sjá eftirfylgniskýrslu Íbúðalánasjóðs "Húsnæði fyrir alla."
<i>Lífeyrismál</i>	19	Í viðræðum stjórnvalda við fulltrúa heildarsamtaka á vinnumarkaði hafa verið ræddar ýmsar hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi lífeyrismála og réttindastöðu sjóðfélaga. Stjórnvöld hafa lýst sig reiðubúin til að efna til samstarfs við aðila á vinnumarkaði um heildarendurskoðun lífeyrismála, sem vanda þarf til og tekur eðli máls samkvæmt nokkurn tíma. Meðal efnisþátta sem sliker endurskoðun þarf að taka til má nefna skipulag og uppbyggingu lífeyriskerfisins og lífeyrisréttinda, sjálfbærni lífeyriskerfisins, inntak tryggingarverndar, jöfnun örorkubyrði milli sjóða, umfang og meðferð séreignasparnaðar, tryggingafræðilegar forsendur, samspil almennatrygginga við greiðslur úr lífeyrissjóði, almenn skilyrði fyrir starfsemi lífeyrissjóða, fjárfestingar sjóðanna og eftirlit með starfsemi þeirra.	FJR	FJR undirbýr skipun verkefnisstjórnar sumarið 2019. Meðal annars verður unnin tillaga að erindisbréfi fyrir verkefnastjórn um heildarendurskoðun lífeyrismála og áfangaskiptingu þess verkefnis.

Innleiðing aðgerða í tengslum við kjarasamninga

Upplýsingar fengnar frá einstökum ráðuneytum. Í skjalinu eru ráðuneyti auðkennd með litum.

Flokkur	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Staða og framhald
	20	Stjórnvöld munu setja eftirfarandi í mál í forgang: 1) Að skylda til greiðslu 15,5% af iðgjaldsstofni til lífeyrissjóðs verði lögfest (lágmark). 2) Að heimilt verði að skipta lögbundnu iðgjaldi í lífeyrissjóð þannig að a.m.k. 12% fari til öflunar réttinda í sameign (samtryggingardeild), og allt að 3,5% geti farið til öflunar réttinda í tilgreindri séreign. Kveðið verði nánar á um þessa skiptingu í samþykktum lífeyrissjóða. 3) Að heimilað verði að tilgreindri séreign megi ráðstafa til (a) húsnæðiskaupa með uppsöfnuðum sparnaði, (b) til að lækka höfuðstól verðtryggðra fasteignaveðlana, eða (c) til að lækka afborganir eða höfuðstól óverðtryggðra fasteignaveðlana. Slík ráðstöfun verði háð tíma- og fjárhæðartakmörkunum og þannig útfærð að hún grafi ekki undan sjálfbærni lífeyriskerfisins. Nánari útfærsla verður gerð í samráði stjórnvalda og heildarsamtaka á vinnumarkaði. 4) Að lífeyristökualdur verði endurskoðaður í nánara samráði við heildarsamtök á vinnumarkaði.	FJR	Lagafrumvarp verður unnið í FJR. Áform verða birt í samráðsgátt stjórnvalda sumarið 2019 og frumvarp lagt fram á Alþingi haustið 2019. Gildistaka 1. janúar 2020. Vegna 4: FJR undirbýr skipun verkefnastjórnar sumarið 2019 (sjá lið19).
Félagsleg undirboð	21	Tekið verði á kennitölulakki á skilvirkan hátt. Lagðar verði til grundvallar sameiginlegar tillögur Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands, svo og tillögur Ríkisskattstjóra. Í tillögunum er m.a. kveðið á um heimild til að setja forsvarsmenn fyrirtækja í tímabundið bann við þátttöku í stjórnun félaga með takmarkaða ábyrgð við tiltekna aðstæður (atvinnurekstrarbann), og auk þess er skerpt á fjölmörgum öðrum atriðum.	ANR	Frumvarp hefur verið lagt fram á yfirstandi þingi um breytingar á almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur. Í frumvarpinu er lagt til að réttur einstaklinga til að stofna og taka þátt í stjórnun félags með takmarkaðri ábyrgð verði takmarkaður, hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra hlutafélaga, einkahlutafélaga og sjálfseignastofnana sem stunda atvinnurekstur verði þrengd, vanræksla á greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda hafi sambærilegar afleiðingar í för með sér og vanræksla á greiðslu vörsluskatta og heimild ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra til að slíta félögum skv. 107. gr. laga um hlutafélög og 82. gr. laga um einkahlutafélög verði færð til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra. Frumvarp verður lagt fram á 150. lgb. af dómsmálaráðherra um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., breytingar til viðbótar og fyllingar frumvarpi sem lagt er fram á 149. lgb. Vinna við lagabreytingar þegar hafin í dómsmálaráðuneyti. Frumvarp lagt fram á 149. lgb. af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra / mars 2019 um lög um skráningu raunverulegra eigenda lögaðila Tryggja að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra fái vitneskju um það þegar dómur liggja fyrir um refsiverða háttsemi. Unnið í samvinnu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og dómsmálaráðuneytis. Vinna þegar hafið, áætluð verklok desember 2019. Fræðsla og upplýsingagjöf: Verkefni unnið í samvinnu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Vinnuhópur settur á laggirnar / maí 2019. Bætt gæði skiptastjórnar: Dómsmálaráðuneyti tekur tillöguna til skoðunar. Verndun iðgjalda í lífeyrissjóði – Fjölgun samlestrar launagreiðendaskrár við iðgjaldaskrá lífeyrissjóða - Fjármála- og efnahagsráðuneyti tekur tillöguna til skoðunar. Nefnd verði skipuð um hvort og þá hvernig megi styrkja stöðu kröfuhafa þrotabúa með lagabreytingum. Fjármála- og efnahagsráðuneyti tekur tillöguna til skoðunar. Ríkissjóður, skattýfirvöld og aðrir opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu sína sem kröfuhafar að þrotabúum félaga. Fjármála- og efnahagsráðuneyti tekur tillöguna til skoðunar.

Innleiðing aðgerða í tengslum við kjarasamninga

Upplýsingar fengnar frá einstökum ráðuneytum. Í skjalinu eru ráðuneyti auðkennd með litum.

Flokkur	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Staða og framhald
	22	Heimildir til refsinga verði auknar, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, ef atvinnurekandi brýtur gegn lágmarkskjörum launamanns.	FRN	Félags- og barnamálaráðherra mun skipa starfshóp með fulltrúum frá samtökum aðila vinnumarkaðarins, Vinnumálastofnun og Vinnueftirliti ríkisins til að hrinda í framkvæmd aðgerðum 22, 25, 26 og 28. Gert er ráð fyrir að hópurinn verði skipaður í maí 2019 og að ráðherra leggi fram frumvarp með nauðsynlegum lagabreytingum að mati hópsins, hvað varðar framangreindar aðgerðir, eigi síðar en á næsta löggjafarþingi. Jafnframt er gert ráð fyrir að í þeim tilvikum þar sem ekki verði talin þörf á lagabreytingum verði verklag og samvinna hlutadeigandi aðila felld inn í formlegt samráð og samstarf þeirra aðila sem fara með eftirlit á vinnumarkaði, sbr. aðgerð 24.
	23	Komið verði upp föstum samráðshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem beri ábyrgð á sameiginlegri stefnumótun um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.	FRN	Félags- og barnamálaráðherra mun skipa samráðshóp stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins á haustmánuðum 2019. Mun ráðherra fela hópnunum að koma með tillögur að sameiginlegri stefnumótun þeirra aðila sem fara með eftirlit á vinnumarkaði hvað varðar aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði, þar með talið félagslegum undirboðum. Eftir að slík stefna hefur verið samþykkt af stjórnvöldum er gert ráð fyrir að hópurinn fylgi henni eftir.
	24	Þau stjórnvöld sem fara með valdheimildir á vinnumarkaði (Lögreglan, Ríkisskattstjóri, Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun) geri með sér formlegt samkomulag um skipulegt samstarf gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Formbundið verði reglulegt samráð og samstarf þessa samstarfsvettvangs við aðila vinnumarkaðarins um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaðaeftirlit.	FRN	Að frumkvæði félagsmálaráðuneytisins hefur samstarfshópur með fulltrúum frá lögreglu, ríkisskattstjóra, Vinnueftirliti ríkisins og Vinnumálastofnun þegar hafið störf. Hópnunum er ætlað að vinna saman að eftirliti á vinnumarkaði á grundvelli þeirra heimilda sem hvert og eitt stjórnvald hefur lögum samkvæmt, ekki sist í forvarnarskyni. Enn fremur er hópnunum ætla að móta tillögu að formlegu samstarfi framangreindra aðila gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði auk þess sem gert er ráð fyrir að hópurinn móti tillögu að formlegu samráði og samstarfi hópsins við samtök aðila vinnumarkaðarins, svo sem hvað varðar greiningu og stöðumat hverju sinni á vinnumarkaði og sameiginlegt vinnustaðaeftirlit. Þá er gert ráð fyrir að hópurinn greini hugsanlegar hindranir hvað varðar samstarf hópsins við eftirlit á vinnumarkaði og komi með tillögur um lagabreytingar telji hópurinn þörf á slíkum breytingum, svo sem í tengslum við heimildir þeirra sem aðild eiga að hópnun til öflunar og miðlunar upplýsinga í þágu eftirlits með brotastarfsemi á vinnumarkaði. Félagsmálaráðuneytið mun fylgja starfi samstarfshópsins eftir og hafa frumkvæði að því að formgera samstarf hópsins og samráð hans við samtök aðila vinnumarkaðarins í samvinnu við þau stjórnvöld sem eiga fulltrúa í hópnunum og samtök aðila vinnumarkaðarins þegar tillögur hópsins liggja fyrir en þó ekki seinna en haustmánuðum 2019. Þá mun ráðuneytið hafa frumkvæði að því að óska eftir upplýsingum um tiltekna tengiliði frá öðrum stjórnvöldum sem kunna að koma að málum sem samstarfshópurinn hefur til meðferðar hverju sinni, svo sem frá Útlendingastofnun, Tollstjóra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
	25	Útfært verði hvernig megi fyrirbyggja alvarleg og/eða ítrekuð brot gegn starfsmönnum með því að útvíkka refsíabýrgð lögaðila og fyrirvarsmanna.	FRN	Félags- og barnamálaráðherra mun skipa starfshóp með fulltrúum frá samtökum aðila vinnumarkaðarins, Vinnumálastofnun og Vinnueftirliti ríkisins til að hrinda í framkvæmd aðgerðum 22, 25, 26 og 28. Gert er ráð fyrir að hópurinn verði skipaður í maí 2019 og að ráðherra leggi fram frumvarp með nauðsynlegum lagabreytingum að mati hópsins, hvað varðar framangreindar aðgerðir, eigi síðar en á næsta löggjafarþingi. Jafnframt er gert ráð fyrir að í þeim tilvikum þar sem ekki verði talin þörf á lagabreytingum verði verklag og samvinna hlutadeigandi aðila felld inn í formlegt samráð og samstarf þeirra aðila sem fara með eftirlit á vinnumarkaði, sbr. aðgerð 24.
	26	Stjórnvöldum verði veittar lagaheimildir til að taka á brotastarfsemi, m.a. með þvingunarúrræðum og stjórnvaldsviðurlögum.	FRN	Félags- og barnamálaráðherra mun skipa starfshóp með fulltrúum frá samtökum aðila vinnumarkaðarins, Vinnumálastofnun og Vinnueftirliti ríkisins til að hrinda í framkvæmd aðgerðum 22, 25, 26 og 28. Gert er ráð fyrir að hópurinn verði skipaður í maí 2019 og að ráðherra leggi fram frumvarp með nauðsynlegum lagabreytingum að mati hópsins, hvað varðar framangreindar aðgerðir, eigi síðar en á næsta löggjafarþingi. Jafnframt er gert ráð fyrir að í þeim tilvikum þar sem ekki verði talin þörf á lagabreytingum verði verklag og samvinna hlutadeigandi aðila felld inn í formlegt samráð og samstarf þeirra aðila sem fara með eftirlit á vinnumarkaði, sbr. aðgerð 24.
	27	Sett verði skylda til keðjuabýrgðar í lög um opinber innkaup.	FJR	Samkvæmt breytingatillögu fjárlaganefndar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um opinber innkaup, nr. 120/2016 (markviss innkaup, keðjuabýrgð o.fl.) verður keðjuabýrgð lögfest sem skylda frá og með 1. janúar 2020. Ráðuneytið mun vinna leiðbeiningar um framkvæmd sem verða tilbúnar þegar lagaákvæðið tekur gildi. Frumvarpið bíður annarar umræðu á Alþingi.

Innleiðing aðgerða í tengslum við kjarasamninga

Upplýsingar fengnar frá einstökum ráðuneytum. Í skjalinu eru ráðuneyti auðkennd með litum.

Flokkur	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Staða og framhald
	28	Komið verði í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði undir formerkjum starfsnáms eða sjálfbóðaliðastarfsemi og markaður skýr rammi um hvað skuli heimilað undir þeim formerkjum.	FRN	Félags- og barnamálaráðherra mun skipa starfshóp með fulltrúum frá samtökum aðila vinnumarkaðarins, Vinnuálastofnun og Vinnueftirliti ríkisins til að hrinda í framkvæmd aðgerðum 22, 25, 26 og 28. Gert er ráð fyrir að hópurinn verði skipaður í maí 2019 og að ráðherra leggi fram frumvarp með nauðsynlegum lagabreytingum að mati hópsins, hvað varðar framangreindar aðgerðir, eigi síðar en á næsta löggjafarþingi. Jafnframt er gert ráð fyrir að í þeim tilvikum þar sem ekki verði talin þörf á lagabreytingum verði verklag og samvinna hlutaðeigandi aðila felld inn í formlegt samráð og samstarf þeirra aðila sem fara með eftirlit á vinnumarkaði, sbr. aðgerð 24.
	29	Kortlagðar verði með skipulegum hætti þær lagaheimildir sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafa til að skiptast á gögnum og upplýsingum og gefin út handbók fyrir starfsmenn sameiginlegs vettvangs. Veittar verði viðbótarlagaheimildir eins og tilefni kann að verða til.	FRN	Meðal þess sem samstarfshópi stjórnvalda (lögreglan, ríkisskattstjóri, Vinnueftirlit ríkisins og Vinnuálastofnun) er ætlað að vinna að, sbr. aðgerð 24, er að greina hugsanlegar hindranir hvað varðar samstarf hópsins við eftirlit á vinnumarkaði og koma með tillögum um lagabreytingar telji hópurinn þörf á slíkum breytingum, svo sem í tengslum við heimildir þeirra sem aðild eiga að hópnum til öflunar og miðlunar upplýsinga í þágu eftirlits með brotastarfsemi á vinnumarkaði. Hópur þessi hefur þegar hafið störf en gert er ráð fyrir að ráðherra leggi fram frumvarp eigi síðar en á vorþingi 2020 þar sem lagðar verði til breytingar á ýmsum lögum hvað varðar heimildir stjórnvalda sem fara með eftirlit á vinnumarkaði til öflunar og miðlunar upplýsinga í þágu eftirlitsins eftir því sem tilefni kann að verða til í kjölfar framangreindrar greiningu hópsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að við vinnslu slíks frumvarps verði haft samráð við hlutaðeigandi stjórnvöld, önnur en þau sem falla undir málefnavið félagsmálaráðuneytisins, sem og við Persónuvernd. Þá er hópnum ætla að móta tillögu að formlegu samráði og samstarfi hópsins við samtök aðila vinnumarkaðarins, svo sem hvað varðar greiningu og stöðumat hverju sinni á vinnumarkaði og sameiginlegt vinnustaðaefirlit. Gert er ráð fyrir að við þá vinnu verði meðal annars litið til þess hvernig unnt sé að bæta og samræma upplýsingagjöf hlutaðeigandi aðila til erlendra starfsmanna, svo sem á vefnum, sem og til atvinnurekenda um starfskjör erlendra starfsmanna samkvæmt gildandi lögum og kjarasamningum.

Innleiðing aðgerða í tengslum við kjarasamninga

Upplýsingar fengnar frá einstökum ráðuneytum. Í skjalinu eru ráðuneyti auðkennd með litum.

Flokkur	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Staða og framhald
	30	Tryggð verði viðeigandi aðstoð og vernd fyrir fórnarlömb vinnumansals og nauðungarvinnu. Aðgerðaráætlun gegn mansali liggja fyrir og að henni sé framfylgt. Endurskoðuð verði skilgreining á mansali, sett í lög bann við nauðungarvinnu og refsíkvæði til að tryggja skilvirka framkvæmd.	DMR	Nýtt áhersluskjal stjórnvalda um aðgerðir í baráttunni gegn mansali og annars konar hagnýtingu var gert opinbert föstudaginn 29. mars. Þar er að finna tíu aðgerðir á fjórum mismunandi sviðum: Á sviði (1) forvarna (prevention), (2) aðstoðar, stuðnings og verndar (protection), (3) rannsóknar og saksóknar (prosecution) og (4) samstarfs og samráðs (partnership). Áhersluskjalið tekur til hvers kyns mansals, innanlands sem landa á milli, hvort sem það tengist skipulagðri brotastarfsemi eður ei, sbr. samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, og er vinnumansal þar meðtalið. Ábyrgðaraðilar aðgerðanna eru alls fimmtán talsins og er mismunandi eftir einstökum aðgerðum hve margir þeirra bera ábyrgð á framkvæmd hverrar og einnar. Fer það eftir eðli og efni aðgerðar. Er ætlast til að ábyrgðaraðilar vinni saman að útfærslu og framkvæmd aðgerða og með því lögð áhersla á mismunandi hlutverk ábyrgðaraðila, mikilvægi samvinnu, samráðs og þverfaglegs samstarfs í baráttu gegn mansali. Ábyrgðaraðilar skulu jafnframt leita eftir samstarfi og samráði við aðra þá, sem búa yfir mikilvægri innsýn, þekkingu og reynslu á þessu sviði eða hafa hagsmuni af þeim umbótum sem unnið er að, eins og t.d. launþegasamtök. Dómsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón með innleiðingu aðgerðanna og eftirlit með vinnu við framkvæmd þeirra og útfærslu. Til að tryggja skilvirka og markvissa framkvæmd mun dómsmálaráðuneytið kalla saman ábyrgðaraðila innan hvers sviðs í byrjun maí. Tilgangurinn með þeim fundi er að átta sig á umfangi vinnunnar og skilgreina hlutverk hvers og eins ábyrgðaraðila. Er það til að tryggja markvissa nálgun og eins til að koma í veg fyrir tvíverknað. Til að bæta þjónustu og aðstoð við fórnarlömb og tryggja enn frekar vernd þeirra er kveðið á um stofnun sérstakrar miðstöðvar í einni aðgerðanna – svonefndrar samhæfingarmiðstöðvar (e. National Referral Center). Með stofnun slíkrar miðstöðvar eru íslensk stjórnvöld að bregðast við ítrekuðum tilmælum eftirlitsnefndar GRETA og athugasemdum sem fram koma TIP skýrslu bandarískra stjórnvalda. Hlutverk samhæfingarmiðstöðvarinnar yrði að samræma verklag og viðbrögð þegar grunur leikur á mansali, veita þolendum upplýsingar, vera þeim til aðstoðar og ráðgjafar, standa fyrir fræðslu fyrir fagfólk á þessu sviði og gefa út fræðslu og upplýsingarefni. Sérhæfð upplýsinga-, þjónustu- og ráðgjafamiðstöð af þessu tagi myndi styrkja mjög þjónustu, aðstoð og vernd þolenda mansals hér á landi. Ein af aðgerðunum beinist sérstaklega að löggiðfinni, reglum og stjórnvaldsfyrirmælum. Þar er boðað að endurskoða skuli lög og reglur heildstætt á þessu sviði á næstu tveimur árum. Liður í því er að samræma skilgreiningar og inntak þeirra, endurskoða gildandi refsíkvæði um mansal og hvort rýmka ætti það eða setja sérstakt ákvæði um nauðungarvinnu, fara nákvæmlega í gegnum fjölda lagabálka, sem tilgreindir eru, í þeim tilgangi að stemma stígu við hagnýtingu á vinnuafli og brotum á vinnulöggjöfinni.
	31	Bætt verði verulega upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna, t.a.m. með stofnun ráðgjafarstofu og aukinni upplýsingagjöf á vefnum. Einnig verði skipulögð upplýsingagjöf til atvinnurekenda um starfskjör.	FRN	Sjá aðgerð 29.
Hagstjórn, vinnumarkaður og verðlag	32	Heildarsamtök á vinnumarkaði verði aðilar að Þjóðhagsráði sem hafi útvíkkað hlutverk með það að markmiði að styrkja samhæfingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika.	FOR	Unnið verði að endurskipulögðu Þjóðhagsráði vor og sumar 2019 í samráði við Seðlabanka Íslands og heildarsamtök á vinnumarkaði.
	33	Stjórnvöld og heildarsamtök á vinnumarkaði vinni saman að gerð grænbókar um framtíðarumhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðsmála. Grænbókin verði lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar áður en stefnumarkandi ákvarðanir verði teknar.	FOR/FRN/FJR	Undirbúningur að grænbókarvinnu verði með aðilum vinnumarkaðarinnar vor og sumar 2019. Grænbókarvinnan hefjist eigi síðar en haustið 2019.

Innleiðing aðgerða í tengslum við kjarasamninga

Upplýsingar fengnar frá einstökum ráðuneytum. Í skjalinu eru ráðuneyti auðkennd með litum.

Flokkur	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Staða og framhald
	34	Til að stuðla að verðstöðugleika munu gjaldskrár ríkisins ekki hækka á árinu 2019 umfram það sem þegar er komið til framkvæmda. Á árinu 2020 munu gjöld hækka um 2,5% að hámarki en minna ef verðbólga er lægri. Brýnt er að fyrirtæki á markaði axli ábyrgð á þróun verðlags og er gengið út frá því að svo verði. Ríkisstjórnin mun einnig beita sér fyrir því að fyrirtæki í opinberri eigu, þ.m.t. orkufyrirtæki, gæti ítrasta aðhalds við gjaldskrárbreytingar.	FJR	Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun sjálf framfylgja þessari stefnu varðandi þau atriði sem undir ráðuneytið heyra (fyrst og fremst lög um aukatekjur ríkissjóðs). Jafnframt hyggst ráðuneytið senda erindi á félög í eigu ríkisins þau taki tillit til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar við gjaldskrárbreytingar. Ráðuneytið mun á næstu dögum rita fagráðuneytum bréf með tilmælum um að þau framfylgi þessari stefnu í þeim stofnunum sem undir þau heyra.
<i>Einföldun regluverks og eftirlit</i>	35	Samkeppnislög verða tekin til skoðunar með það að markmiði að einfalda framkvæmd þeirra og auka skilvirkni. Meðal annars verði skoðað hvort Samkeppniseftirlitið eigi að veita sérstakar undanþágur frá bannákvæðum laganna eða fyrirtækjum falið að meta sjálf hvort slík skilyrði séu til staðar. Þá verða veltumörk tilkynningarskyldra samruna endurskoðuð og horft til þess að hækka þau og einnig verða lagðar til breytingar á málsmeðferð samrunamála sem eru til þess fallnar að einfalda hana, m.a. með því að einfalda styttri samrunatilkynningar.	ANR	Drög að frumvarpi verða sett til umsagnar á samráðsgátt í apríl/maí. Unnið úr umsögnum úr samráði í júní/júlí. Verður á þingmálaskrá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fyrir haustþing 2019. Frumvarp verður lagt fyrir Alþingi í upphafi haustþings 2019.
	36	Stjórnvöld hafa nú þegar fengið OECD til að framkvæma samkeppnismat á regluverki ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi í þeim tilgangi að draga úr samkeppnishindrunum og reglubyrði. Verður m.a. litið til þess að einfalda framkvæmd byggingarmála með það að leiðarljósi að stytta byggingartíma, draga úr kostnaði og bæta skilyrði fyrir virka samkeppni til hagsbóta fyrir atvinnulíf og neytendur. Einnig verður unnið að einföldun eftirlitsreglna og afgreiðsluferla vegna leyfisveitinga fyrir atvinnulíf m.a. með það að markmiði að greina hvar möguleikar séu til að breyta og einfalda framkvæmd opinbers eftirlits með þjónustu faggiltra aðila og betri hagnýtingu á upplýsingatekni í starfsemi opinberra aðila.	ANR	Samkeppnismat OECD er þegar hafið. Var formlega sett af stað á opnum fundi ráðherra 21. mars sl. Tilnefnt hefur verið í vinnuhóp og stýrihóp sem hafa hafið störf. Virkt samráð við hagsmunaaðila hafið og mun vera viðvarandi við vinnslu verkefnisins. Verkefnið stendur yfir 2019 og 2020. OECD mun skila tillögum til stjórnvalda um breytingar á regluverki eigi síðar en 30. maí 2020. Skil á lokaskýrslu snemma haust 2020. OECD mun veita ráðgjöf við innleiðingu laga- og reglubreytinga til 31. des 2020 skv. samningi við ANR. Öll ráðuneyti sem lög eða reglur sem OECD hefur gert tillögur um eða metið munu geta fengið ráðgjöf frá OECD.
	37	Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur mun í samráði við aðila vinnuarkaðarins ljúka því verkefni að taka saman yfirlit yfir lagaákvæði þar sem mælt er fyrir um leyfisveitingar, eftirlit og gjaldtöku sem eru íþyngjandi fyrir atvinnustarfsemi og gera tillögur að úrbótum. Ráðgjafarnefndin mun jafnframt fylgjast með að ekki séu kynnt til sögunnar ný íþyngjandi ákvæði í lög um leyfisveitingar, eftirlit og gjaldtöku án rökstuðnings og að mat á áhrifum slíkra reglna á atvinnulíf sé framkvæmt.	FOR	Verkefnið er viðvarandi en unnið er að því að fyrsta úttekt um lagaákvæði verði tilbúin fyrir áramót.

Innleiðing aðgerða í tengslum við kjarasamninga

Upplýsingar fengnar frá einstökum ráðuneytum. Í skjalinu eru ráðuneyti auðkennd með litum.

Flokkur	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Staða og framhald
	38	Forsætisráðuneytið hefur nýlega látið framkvæma skoðanakönnun meðal fyrirtækja á Íslandi um eftirlitsmenningu. Ráðgjafarnefnd um opinbert eftirlit vinnur að því að gera tillögur til úrbóta á grunni niðurstaðna könnunarinnar.	FOR	Forsætisráðuneytið mun halda ráðstefnu um eftirlitsmenningu á Íslandi þann 16. apríl nk. og vinna að tillögum til úrbóta í framhaldinu.

Yfirlýsing ríkisstjórnar um markviss skref til afnáms verðtryggingar

	1	Frá og með ársbyrjun 2020 verði óheimilt að veita verðtryggð jafngreiðslulán til neytenda til lengri tíma en 25 ára nema með ákveðnum skilyrðum. Rökín fyrir þessu felast fyrst og fremst í þeim ókostum verðtryggðra jafngreiðslulána að verðbótum er bætt við höfuðstól lánsins og greiðslu þeirra frestað þannig að eignamyndun verður hægari en ella og líkur á neikvæðu eigin fé lántaka aukast.	FJR	Lagafrumvarp verður unnið í FJR. Áform verða birt í samráðsgátt stjórnvalda sumarið og frumvarp lagt fram á Alþingi haustið 2019. Gildistaka 1. janúar 2020.
	2	Frá og með ársbyrjun 2020 verði lágmarkstími verðtryggðra neytendalána lengdur úr fimm árum í tíu ár. Með því móti er komið í veg fyrir verðtryggingu allra eða allflestra tegunda neytendalána, þ.e. annarra en húsnæðislána.	FJR	Lagafrumvarp verður unnið í FJR. Áform verða birt í samráðsgátt stjórnvalda sumarið og frumvarp lagt fram á Alþingi haustið 2019. Gildistaka 1. janúar 2020.
	3	Frá og með ársbyrjun 2020 verði visitala neysluerðs án húsnæðis grundvöllur verðtryggingar í lögum um vexti og verðtryggingu á nýjum neytendalánnum.	FJR	Lagafrumvarp verður unnið í FJR. Áform verða birt í samráðsgátt stjórnvalda sumarið og frumvarp lagt fram á Alþingi haustið 2019. Gildistaka 1. janúar 2020.
	4	Fyrir lok júní 2020 verði lokið athugun á aðferðafræði við útreikning visitölu neysluerðs út frá alþjóðlegum samanburði og leitað til erlendra sérfræðinga. Meðal annars verði aðferðafræði við húsnæðisliðinn tekin til athugunar auk svokallaðs visitölubjaga, þ.e. mögulegs ofmats á mælingu visitölu neysluerðs vegna kerfisbundinnar mæliskekkju.	FOR	Forsætisráðherra mun skipa nefnd í maí sem skila á tillögum fyrir lok júní 2020. Óskað verður tilnefninga í nefndina frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Bandalagi háskólanna, Kennarasambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins.
	5	Fyrir lok árs 2020 liggi fyrir ákvörðun um frekari takmörkun við veitingu verðtryggðra jafngreiðslulána að gefnum forsendum um stöðugleika og vaxtastig. Í því sambandi þarf að skoða sérstaklega áhrif á greiðslubyrði tekjulágra og möguleika þeirra til að fjármagna húsnæðis kaup. Þannig væri unnt að takmarka verðtryggð jafngreiðslulán við 20 ára gildistíma eða skemur eða með setningu hámarks veðsetningarhlutfalls verðtryggðra jafngreiðslulána. Veðsetningarhlutföll gætu breyst eftir stöðu hagkerfisins og verði ólík eftir fyrirkomulagi afborgana, þ.e. jafngreiðslur eða jafnar afborganir eða eftir tímalengd.	FJR	FJR undirbýrskipun starfshóps sumarið 2019 í samráði við önnur ráðuneyti.

Innleiðing aðgerða í tengslum við kjarasamninga

Upplýsingar fengnar frá einstökum ráðuneytum. Í skjalinu eru ráðuneyti auðkennd með litum.

Flokkur	Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Staða og framhald
	6	Skoðaðir verði auknir hagrænis hvatar til töku óverðtryggðra lána, t.d. í formi veðsetningarhlutfalla, skattfrelsi séreignarsparnaðar og tilgreindrar séreignar eða að vaxtabætur taki aðeins til vaxta en ekki verðbóta.	FJR	FJR undirbýr skipun starfshóps sumarið 2019 í samráði við önnur ráðuneyti.
	7	Leitað verði leiða til að stemma stígu við sjálfvirkum vísitöluhækkunum vöru og þjónustu og skammtímasamninga. Slíkar sjálfvirkar hækkningar kynda undir verðbólgu og hækka þar af leiðandi verðtryggðar skuldir með beinum hætti og óverðtryggðar skuldir með óbeinum hætti. Samkvæmt könnun frá 2015 er um helmingur innlendra samninga og aðfanga tengdur við vísitölur. Skoðað verður að setja skilyrði fyrir verðbreytingum í samningsamböndum sem tryggja upplýsingaskyldu seljenda og takmarka binditíma og auka þar með neytendavernd.	ANR	Afmarka þarf nánar það álitamál sem þessi aðgerð tekur til. Sú vinna mun fara fram í ANR í apríl/maí. Samráð við helstu hagsmunaaðila um afmörkun í júní/júlí/ágúst. Minnisblað til FOR í september. Þar komi fram afmörkun ANR á viðfangsefninu, greining á lagaumhverfinu í grófum dráttum og valkostagreining. Þegar ANR hefur skilað því minnisblaði þarf að leggja mat á og taka ákvörðun um hvort frekari vinna fari fram.